



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands

45. árg. apríl 2019 nr. 118





HVATNING SOROPTIMISTA

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnu störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna
Að gera háar kröfur til siðgæðis
Að vinna að mannréttindum öllum til handa
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.



Ritnefnd, frá vinstri: María Karlsdóttir, Guðný Hinriksdóttir, Kristjana Jónsdóttir ritstjóri, Svanfríður Hjaltadóttir, Eiríka Ásgrímsdóttir og Sigrún Arnardóttir.

Fregnir er málgagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna. Vinsamlegast sendið efnið á netfangið www.fregnir2018@gmail.com fyrir 1. september 2019.

Forsíðumynd: Myndin er af Árbæjarhverfinu og útivistarperlum þess. Ljósmynd © Mats Wibe Lund 2003

Eiginkona Mats Wibe Lund var Arndís Ellertsdóttir, en hún var stofnfélagi í Árbæjarklúbbnum og tók virkan þátt í starfi hans þar til hún lést árið 2015.

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Frá ritnefnd

Kæru systur

Tilveran er í eilífðri hringrás. Merki þess sjást allt í kringum okkur, veturinn er að lina tak sitt og vorið tekur við með fyrirheit um að sumarið sé handan við hornið. Farfuglar eru einn af öðrum að snúa til landsins eftir vetrardvöl í heitari löndum, sumir farnir að huga að hreiðurgerð og víðs vegar má sjá vorlauka stinga kolli sínum upp úr jörðinni og brum trjáa jafnvel farin að opnast. Vorið er alltaf dásamlegur tími sem gefur fyrirheit um grósku og notalega sumardaga.

Einn af vorboðum okkar systra er landssambandsfundurinn en á honum gefst tími til að fræðast, kynnast nýjum systurum og endurnýja gömul kynni. Umfram allt er fundurinn einnig vettvangur til að styrkja starfsemi samtakanna og klúbbanna, gleðjast, njóta samveru og efla systrabæl.

Efni þessa blaðs ber þess merki að mikil gróska er í starfi klúbba um allt land og ánægjulegt er hve miklu máli það skiptir konur að vera Soroptimistar en eins og fram kemur í frásögnum tveggja systra í þessu blaði.

Forseti okkar vekur athygli á að soroptimistar tengi sig við önnur samtök, kynni sig og láti rödd sína heyrast. Það gerum við á svo margan hátt með verkefnum okkar sem eins og kemur fram í grein verkefnastjóra skipta öllu máli en við getum þó gert enn betur og kynnt með stolti það sem við stöndum fyrir og það sem við höfum áorkað.

Kærar þakkir fyrir innlegg ykkar þið sem senduð inn greinar í blaðið og viljum við hvetja allar systur til að feta í ykkar fótspor.

Ritnefndin óskar öll systurum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars og þakkar fyrir veturinn.

Með systrakveðju

Ritnefndin

Vor

*Heyrið vorsins vængjabytinn
vekja gleði mannsins sál
þá er vetur harður horfinn
Harpa komin sumarmál.
Verum glaðar góðar systur
glæstar vonir rætast brátt
þegar sól og sumarylur
svífa yfir norðurátt.
Vigdís Einarsdóttir*



Kæru systur,

Það er afar ánægjulegt að fylgjast með því öfluga starfi sem fer fram í hinum 19 klúbbum Landssambands Soroptimista (SÍÍ). Við megum sannarlega vera stoltar.

Vorblað Fregna kemur út fyrir landssambandsfund 2019 og þegar þetta er ritað er því undirbúningur fyrir hann í fullum gangi. Systur Grafarvogsklúbbs hafa útbúið umgjörð fundarins með glæsibrag og er hann haldinn á Hótel Hilton Nordica 4. maí en móttaka verður í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 3. maí. Embættismannafundir verða haldnir að landsambandsfundinum loknum og kl. 19 hefst hátíðarkvöldverður á sama stað.

Evrópusamband Soroptimista (SIE) leggur æ ríkari áherslu á að efla kynningu á samtökunum út á við og þar með að efla það sem þær hafa nefnt Advocacy eða boðun. Í því felst einnig að fá tengingu við önnur samtök og ekki síður út í samfélagið. Stjórn SÍÍ hefur fengið Maríu Björk Ingvadóttur til að vera okkur innan handar við að þróa það starf hér innanlands og mun hún því taka að sér að verða talsmaður samtakanna fyrst um sinn. Hlökkum við til að sjá hvernig þetta starf þróast.

Annað verkefni sem stjórn SÍÍ er að fara af stað með er mentor verkefni SIE og mun Ásta Snorradóttir stýra uppbyggingunni hér á landi í samstarfi við stjórn. Við vinnum þetta að fyrirmynd SIE og í samstarfi við hin Norðurlöndin. Hvet ég ykkur systur til að láta okkur vita ef þið hafið áhuga á að leggja þessu verkefni lið. Hér er um að ræða að styrkja ungar konur í að fóta sig í starfi og fá leiðsögn reyndari kvenna. Við munu safna í hópinn og miða við að byrja fyrsta verkefnið í haust.

Það er notalegt að finna hve konur eru tilbúnar að bjóða sig fram í embætti landssambandsins, en það vita allar þær fjölmörgu konur sem þar hafa starfað, hve fræðandi, gefandi og eflandi það er.

Sendifulltrúafundurinn verður að þessu sinni haldinn í Zagreb í Króatíu í maí og eru þessir fundir nú opnir öllum systurum. Hvet ég konur eindregið til að mæta á þessa fundi til að fræðast, en einnig til að hafa gaman saman. Heimspingið er síðan í Kuala Lumpur í Malasíu í júlí. Minni ég á að ferðasjóður SÍÍ var eflur á síðasta ári og hvet ég konur til að sækja um styrk í sjóðinn. Þó starf klubbanna sé það mikilvægasta í starfi okkar, þá er það afar hvetjandi að kynnast hinu öfluga starfi sem við Soroptimistar erum að vinna að á alþjóðavísu.

Ég þakka ykkur, kæru systur, samstarfið á þessum vetri og sendi ykkur og fjölskyldum ykkar bestu óskir um gleðilegt vor og sumar. Ég hlakka til að hitta ykkur á landssambandsfundinum og hvet ykkur til að kynna ykkur það efni sem hefur verið birt á vefnum.

Ingibjörg Jónasdóttir

Forseti SÍÍ 2018-2020

Servíettur og Súpukvöld

Frá starfsemi Soroptomistaklúbbsins Við Húnaflóa

Klúbburinn okkar, sem fyrir stuttu var svo ungur hefur verið að eflast, dafna og færa út kvíarnar. Við komum saman einu sinni í mánuði á hinum ýmsu stöðum í byggðarlaginu. Þá er gjarnan sagt frá því starfi sem þeim stað tilheyri og kynnumst við þar með ýmiss konar verkefnum sem tekist er



á við á okkar heimaslóðum. Stundum eru systur með ego erindi og stundum fáum við kynningu á einhverri starfsemi sem fram fer í nágreininu. Okkar helsta viðfangsefni er að standa árlega fyrir verkefninu Stelpur geta allt sem ætlað er 12 ára stúlkum á svæðinu. Þetta er tveggja daga

námskeið sem Kristín Tómasdóttir hefur séð um og er - eins og nafnið ber með sér - ætlað til að styrkja stúlkurnar. Þetta námskeið hefur mælst vel fyrir hjá þátttakendum og foreldrum þeirra og verður það á stefnuskránni áfram.

Annað verkefni sem við höfum lagt til í þágu samfélagsins er svokallað súpukvöld. Þá fáum við fyrirlesara með erindi og höfum súpu handa fundargestum. Fyrirlestrarnir fara fram til skiptis á Blönduósi, Hvammstanga og Skagaströnd og eru öllum opnir gegn hóflegum aðgangseyri. Gerður hefur verið góður rómur að fyrirlestrum þessum og þá er tilganginum náð. Ef hagnaður verður er það aukaarður sem rennur beint í stelpuverkefnið okkar.

Þá ber að nefna tónleikana sem við höfum staðið fyrir. Rétt eins og súpukvöldin fara tónleikarnir fram til skiptis á Hvammstanga, Skagaströnd og Blönduósi. Þar hefur komið fram hæfileikaríkt tónlistarfólk úr heimabyggð. Þessir tónleikar hafa verið hvorutveggja í senn menningarframlag og fjáröflunarleið.

Annars er okkar helsta fjámögnunarleið auðvitað einhvers konar sala. Við höfum leitað ýmissa leiða; selt vörur úr heimabyggð, skreytt kerti, keypt og selt ýmiss konar varning og fleira í þeim dúr. Á síðastliðnu ári barst okkur í hendur einstaklega skemmtileg söluvara. Ein okkar systra rekur fyrirtækið Lagð sem framleiðir íslenska hönnun, - margs konar fallegar nytjavörur. Þaðan fáum við tvenns konar servíettur. Báðar tegundirnar vísa í íslenska náttúru og báðar tengjast Soroptomistum. Annars vegar er um að ræða mynd af holtasóley – táknblómi Soroptomista - og hins vegar hjartalaga mynd af íslenskum mosa – en eitt af markmiðum Soroptomista er að efla vináttu og því vel við hæfi að minna á tákn ástar og vináttu. Tekið skal fram að myndin af mosanum er upprunaleg – ekkert hefur verið átt við hana. Þessa vöru höfum við stoltar boðið til sölu með góðum árangri. Kærar kveðjur úr norðanblíðunni við Húnaflóa.

Sigrún Þórisdóttir ritaði

Sigríður Hjaltadóttir tók myndir



GOLFBOLTAR

Árbæjarsystur bjóða til sölu gæða golfbolta af gerðinni Pinnacle (soft). Boltarnir, sem eru bleikir á litinn eru með merki Soroptimista. Þeir koma saman þrír í pakka og kostar pakinn kr. 2000. Boltarnir verða til sölu á landssambandsfundinum.

Upplýsingar veitir Elín Aðalsteinsdóttir í netfangi elin@afaraf.is.

Systralundur

Soroptimistaklúbbs Árbæjar

Skemmtilegt er að minnast þess að árið 1992 byrjaði Soroptimistaklúbbur Árbæjar að gróðursetja tré á svæði sem klúbburinn fékk úthlutað til verkefnisins frá Reykjavíkurborg. Þetta var í Selásnum á horninu á Selásbraut og Rofabæ þar sem hallaði á móti norðri. Var þetta svar við áskorun Evrópuforseta okkar um samátak Soroptimista um skógrækt um alla Evrópu.

Að sjálfsögðu tókum við þessari áskorun og hófumst handa við framkvæmd hennar. Guðrún Kristinsdóttir sá þá um umhverfismálin hjá okkur og hafði samband við skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar Þorvald S. Þorvaldsson sem sagði fáa staði eftir sem ekki væru skipulagðir í Árbænum, en við gætum fengið þennan reit. Var Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt fenginn til að teikna svæðið og einnig fengum við tré hjá borginni til að gróðursetja. Seinna fengum við líka borð og bekki.

Það verður að segjast eins og er að ekki vorum við allar trúnaðar á að þetta gæti skilað miklum árangri, því að þarna var þá mikill berangur og vindasamt eftir því. En það dásamlega er að þarna hefur vaxið upp þéttur skógur sem við höfum hlúð að á hverju vori. Fyrst var talað um að við myndum fóstta svæðið næstu átta árin en reyndin er sú að við höfum hugsað um svæðið allar götur síðan árið 1992 og nú eru komin tuttugu og sjö ár. Síðasti fundur hvers árs fyrir sumarfrí er alltaf haldinn þarna og njótum við þess að hlúa að gróðrinum og stoltar dáðst að trjánum sem hafa vaxið okkur yfir höfuð. Auðvitað er mikið kaffi drukkið og spjallað og yndislegt að finna gróðurilminn leika um loftið og ekki síður njóta ávaxta vinnu okkar.

Gaman væri að heyra fleiri gróðursögur frá hinum klúbbunum um þeirra skógræktarverkefni. Ég læt fylgja með fallett ljóð um vorið eftir Guðmund Guðmundsson skólaskáld.



Vor

*Það hlýnar í brúnum og brosir við sær,
í brekkunum fagurblá vorperlan grær.
Ég lifna, ég vakna, því veturinn dvín
og vorið og sólskinið kemur til mín.*

*Og senn koma lóur í hlíðarnar heim
og himnesku gullstrengja ljóðin með þeim,
við kvak þeirra vaki' ég um vorkvöldin hljóð,
og vogarnir loga í purpuraglóð.*

María Karlsdóttir



VERKEFNIN SKIPTA ÖLLU MÁLI

Soroptimistar eru konur sem vinna saman að verkefnum í sínu bæjarfélagi, verkefnum á landsvísi og einnig á alþjóðavettvangi. Við vitum að sem Soroptimistar verða verkefnin sem við veljum fyrir klúbbinn okkar okkur hjartans mál.

Soroptimistar um allan heim eru að vinnu að sömu markmiðum, að styðja konur og stúlkur. Verkefnin falla undir verkefnakjarna sem innihalda menntun, valdeflingu, útrýmingu ofbeldis gegn konum, heilbrigði, sjálfbærni og umhverfismál.

Eitt lítið verkefni sem við vinnum hér á Íslandi er hluti af heildarsamstarfi allra 75.000 Soroptimistaklúbba um allan heim. Þegar við gleðjum og styrkjum konur hérlendis eða erlendis með uppbyggjandi verkefnum þá erum við að sá fræjum sem blómstra úti í þjóðfélaginu.

Heimurinn er að breytast og tímarnir eru víða erfiðir. Heimurinn hefur alltaf upplifað erfiðleika en á þessari öld erum við að upplifa þá á miklu meiri hraða og í gegnum nýja tölutækni getum við fylgst mjög vel með því sem gerist í heiminum. Í hvert skipti sem við stöndum með konum í gegnum verkefnin okkar þá aukum við möguleika þeirra til að eflast og skína.

Já, hvert verkefni skiptir máli. Við Soroptimistar erum þakklátar fyrir að vera hluti af þessum samtökum og að taka þátt í verkefnum sem styðja og styrkja konur um allan heim.

Ellen Tyler
Verkefnastjóri

NÆSTI LANDSSAMBANDSFUNDUR SOROPTIMISTASAMBANDS ÍSLANDS VERÐUR HALDINN HELGINA 3. - 4. MAÍ 2019

Grafarvogssystur standa fyrir landssambandsfundinum í ár. Verður hann haldinn á hinu glæsilega Hótel Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Skráning hefst kl. 8 og fundurinn byrjar kl. 9. Hátiðarkvöldverðurinn hefst með fordrykk kl. 19.

Á föstudagskvöldinu 3. maí verður boðið til móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 18.00 þar sem systur ætla að koma saman, hafa gaman og hefja skemmtilega helgi.

Við hvetjum allar systur til að vera með okkur á landssambandsfundinum í vor.

Hlökkum til að sjá ykkur allar og höfum skemmtilega helgi saman.

Systur í Soroptimistaklúbbi Grafarvogs





SROPTIMISTAKLÚBBUR ÁRBÆJAR OG KSÍ leggja fót看boltastúlkum í Sierra Leone lið

Verkefnastjórar Sroptimistaklúbbsins í Árbæ fengu höfðinglegar móttökur hjá KSÍ fyrr á árinu, þar sem KSÍ gaf klúbbnum fót看boltabúninga til að gefa áfram til fót看boltaklúbbs í litlu fátæku námuhorpi í Sierra Leone. Flestar þessar stúlkur hafa hlotið litla eða enga menntun. Með því að stofna fót看boltalið hefur það hvatt stelpur til að halda áfram í skólanum, en margar eiga átakanlega sögu um ofbeldi. Knattspyrnan veitir þeim útrás, eflir félagsþroska þeirra og þær fá tækifæri til að ferðast til annarra þorpa í landinu,

sem þær gætu ekki annars. Það var hann Emmanuel, sem er fæddur og uppalinn í Bretlandi en kallar sig Sierra Leonean í dag, sem stofnaði fót看boltaliðið. Hann sér alfarið um að halda liðinu gangandi, aflar styrkja en ef það gengur ekki, þá borgar hann laun þjálfarans og leggur út fyrir öðru sem þarf. Þessa dagana er mikil þörf fyrir fót看boltaskóm og sokkum. Þær vilja frekar notaða gæða skó, í stærðum 38-41 í stað þess að fá peningagjöf fyrir þeim, því úrvalið í landinu er lítið sem ekkert.



Verkefnastjórar Árbæjarklúbbsins, **Guðrún Helga og María Karlsdóttir.**

FRAMBOÐ

til embættis fyrir
Soroptimistasamband Íslands

Kjörtímabilið 2020 – 2022

Soroptimistaklúbbur

Við Húnaflóa býður fram til embættis forseta SÍ



Nafn: **Guðrún Lára Magnúsdóttir**
Starfsheiti: **leikskólastjóri**

Ferilskrá:

a) Soroptimisti frá árinu 2011 í Soroptimistaklúbbi Við Húnaflóa

b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:

- fulltrúi 2017 - 2019
- formaður 2015 - 2017
- varaformaður 2013 - 2015
- verkefnastjóri 2011 - 2013

c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:

- sjóðanefnd 2018 - 2020

Soroptimistaklúbbur Austurlands
býður fram til embættis í útbreiðslu-
nefnd (endurkjör)



Nafn: **Arna S. D. Christiansen**
Starfsheiti: **þjónustufulltrúi**

Ferilskrá:

a) Soroptimisti frá árinu 2003 í Soroptimistaklúbbi Austurlands, stofnfélagi

b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:

- meðstjórnandi
- gjaldkeri
- fulltrúi
- í starfsgreinanevnd
- í skemmtinevnd o.fl.

c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:

Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella
býður fram til embættis 1. vara-
forseta SÍ



Nafn: **Hugufrún Jóhannesdóttir**
Starfsheiti: **forstöðumaður**

Ferilskrá:

a) Soroptimisti frá árinu 1997 í Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella

b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:

- verkefnastjóri
- skemmtinevnd
- vinaklúbbatengsl

c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið

Soroptimistaklúbbur Austurlands
býður fram til embættis í
útbreiðslunefnd (endurkjör)



Nafn: **Sigrún Halldóra Arngrímsdóttir**
Starfsheiti: **útgerðarmaður**

Ferilskrá:

a) Soroptimisti frá árinu 2003 í Soroptimistaklúbbi Austurlands, stofnfélagi

b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:

- varaformaður
- meðstjórnandi
- í starfsgreinanevnd
- í skemmtinevnd
- í sögunefnd

c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:

Soroptimistaklúbbur Kópavogs
býður fram til embættis sendi-
fulltrúa



Nafn: **Þóra I. Guðnadóttir**
Starfsheiti: **skólaritari**

Ferilskrá:

a) Soroptimisti frá árinu 2001 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs

b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:

- formaður
- varaformaður
- gjaldkeri
- ritari
- auk ýmissa annarra starfa í klúbbum

c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:

- gerðardómur 2016 - 2022
- sjóðanefnd 2017 - 2019
- varasendi fulltrúi 2018 - 2019
- forseti 2014 - 2016

Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella býður fram til embættis í fjárhagsnefnd



Nafn: **Alma Guðmundsdóttir**
Starfsheiti: **fjármálastjóri**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 2009 í Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
- starfandi formaður
 - ritari
 - meðstjórnandi
 - starfsgreinanefnd
 - verkefnastjóri ofl.
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
- gjaldkeri

Soroptimistaklúbbur Kópavogs býður fram til embættis fulltrúa í fjárhagsnefnd



Nafn: **Guðrún Pálsdóttir**
Starfsheiti: **fjármálastjóri**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 1998 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs.
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
- formaður
 - stjórnarmaður
 - fulltrúi
 - skoðunarmaður
 - auk annarra nefndarstarfa
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
- skoðunarmaður
 - upplýsingafulltrúi

Soroptimistaklúbbur Tröllaskaga býður fram til embættis í laga- og reglugerðarnefnd



Nafn: **Þuríður Sigurðardóttir**
Starfsheiti: **leikskólakennari**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 2015 í Soroptimistaklúbbi Tröllaskaga
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
- formaður 2017 - 2019
 - meðstjórnandi 2015 - 2017
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið

Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja býður fram til embættis upplýsingafulltrúa (*endurkjör*)



Nafn: **Ragnhildur Bragadóttir**
Starfsheiti: **upplýsingafræðingur**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 2015 í Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
- upplýsingafulltrúi 2017 - 2019

Soroptimistaklúbbur Akureyrar býður fram til embættis varasendifulltrúa



Nafn: **Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir**
Starfsheiti: **framhaldsskólakennari**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 1997 í Soroptimistaklúbbi Akureyrar
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
- starfsgreinanefnd 2014 - 2016
 - skoðunarmaður reikninga 2012 - 2014 -2016
 - í kærleiksnefnd 2011 - 2013
 - fulltrúi 2004 - 2006 og 2011 - 2013
 - varafulltrúi 2002- 2004 og 2009 - 2011
 - formaður 2008 - 2010
 - varaskoðunarmaður reikninga 2006 - 2008 og 2010 - 2012
 - meðstjórnandi 2004 - 2006
 - verkefnastjóri alþjóða vinátta og skilningur 1999 - 2001
 - gjaldkeri 1999 - 2002
 - skemmti- og móttökunefnd 1998 - 2000
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
- starfsgreinanefnd 2014 - 2016
 - annar varaforseti 2012 - 2014
 - ritstjóri Fregna 2010 - 2012
 - í sjóðanefnd 2007 - 2009 og 2009 - 2011
 - varasendifulltrúi 2016 - 2017

Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar býður fram til embættis í laga- og reglugerðarnefnd (*endurkjör*)



Nafn: **Sandra B. Franks**
Starfsheiti: **lögfræðingur, formaður Sjúkraliðafélags Íslands**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 2009 í Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar.
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
- fulltrúi
 - meðstjórnandi
 - ritari
 - varaformaður
 - formaður
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur býður fram til embættis í laga- og reglugerðarnefnd



Nafn: **Margrét Rögnvaldsdóttir**
Starfsheiti: **viðskiptafræðingur**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 1998 í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
- formaður
 - meðstjórnandi
 - fulltrúi
 - varafulltrúi
 - fjáröflunarnefnd
 - verkefnastjóri (gamla kerfið)
 - skoðunarmaður
 - móttökunefnd
 - ferða- og skemmtinefnd
 - systranefnd
 - vinaklúbbatengill
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
- sendifulltrúi
 - varasendifulltrúi
 - 1. varaforseti
 - útbreiðslunefnd
 - í ritnefnd Fregna.

Soroptimistaklúbbur Kópavogs býður fram til embættis aðstoðarverkefnisstjóra



Nafn: **Anna Hugufrún Jónasdóttir**
Starfsheiti: **viðskiptafræðingur**

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 1995 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
- ritari
 - formaður
 - meðstjórnandi
 - í fjáröflunarnefnd
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið

Soroptimistaklúbbur Akureyrar
býður fram til embættis umsjónar-
manns nafnalista



Nafn: Laufey Guðrún Baldursdóttir
Starfsheiti: geislafræðingur,
tækniteiknari

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 1986 í Soroptimistaklúbbi Akureyrar
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
 - fulltrúi
 - varaformaður
 - formaður
 - varaformaður
 - verkefnastjóri (gamla kerfið)
 - ýmis nefndastörf
- d) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
 - gerðardómur 2018 - 2024
 - kjörnefnd 2018 - 2020
 - forseti 2016 - 2018
 - sendifulltrúi 2012 -2014
 - varasendifulltrúi 2010 - 2012
 - verkefnastjóri (gamla kerfið) 2005 - 2007

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness
býður fram til embættis í sjóðanefnd



Nafn: Sigríður Þórarinsdóttir
Starfsheiti: sjúkráþjálfari

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 1981 til 1986 í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur (í núverandi klúbbi frá 1991)
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
 - stofnformaður 1991-1993
 - gjaldkeri
 - verkefnastjóri efnahags og félagsmála
 - varafulltrúi
 - fulltrúi
 - ýmis nefndastörf
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
 - í laganefnd
 - forseti
 - í gerðadómi
 - varasendifulltrúi
 - sendifulltrúi
 - aðstoðarverkefnastjóri

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar
býður fram til embættis skoðunar-
manns reikninga



Nafn: Helga Hilmarsdóttir
Starfsheiti: viðurkenndur bókari

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 2007 í Soroptimistaklúbbi Mosfellssveitar
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
 - gjaldkeri 2010 - 2014
 - systrabelsnefnd 2015 - 2021
 - skoðunarmaður reikninga 2017 - 2021
 - fjáröflunarnefnd 2019 - 2021
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið:
 - í fjárhagsnefnd 2012 - 2016


Soroptimistaklúbbur Kópavogs
býður fram til embættis umsjónar-
manns Hamraborgar



Nafn: Margrét Halldórsdóttir
Starfsheiti: flugfreyja og hjúkrunar-
fræðingur

Ferilskrá:

- a) Soroptimisti frá árinu 1998 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs
- b) Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs:
 - ritari
 - skemmtinefnd
 - móttökunefnd
- c) Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir Landssambandið



GJÖF TIL GRAFARVOGSSYSTRA

Þann 11. febrúar 2019 héldu systur á Seltjarnarnesi fund í boði Soroptimistaklúbbs Grafarvogs í félagsmiðstöðinni Borgum í Spönginni. Við það tækifæri afhentu systur í Seltjarnarnesklúbbi systur í Grafarvogi listilega ofinn dúk / dregil í litum Soroptimista eftir Ásrúnu Kristjánsdóttur f.v. formann. Ásdís Þórðardóttir formaður Grafarvogsklúbbsins tók við gjöfinni. Pétur Ó. Þorsteinsdóttir formóðir Grafarvogsklúbbs kveikti á kertum í upphafi fundar ásamt því að þakka fyrir okkur í lok fundar.

Ingibjörg Halldórsdóttir



Hvers vegna er ég Soroptimisti?

Erindi flutt á klúbbfundi hjá Soroptimistaklúbbi Austurlands í febrúar 2019.

Eftir að formaður okkar hún Þorbjörg bað mig að lýsa þessari skoðun minni hef ég talsvert hugsað um hvað ég ætti nú að tala um. Ég ákvað að vera á persónulegum nótum og vonandi er það í lagi.

Það var árið 2008 sem ég gekk í Soroptimistaklúbb Austurlands. Ég vissi ekki mikið þá um hvað þetta snerist en ég hef ekki séð eftir þeirri ákvörðun minni. Frá því ég var ung hefur staða kvenna og barna verið mér hugleikin, ég var talsverð kvenréttindakona hér áður fyrr en fer nú leyndar með skoðanir mínar.

Að vera einstaklingur í félagsskap sem beinir sjónum sínum að stöðu kvenna og aðbúnaði um allan heim er mjög göfugt og þarft. Hjarta mitt hefur meira slegið í nærsamfélaginu okkar, en ég er ekki mikið að skoða þetta á heimsvísu. Þó ég taki auðvitað eftir því sem Soroptimistar eru að gera.

Ég er stolt af þeim verkefnum sem Soroptimistar hafa unnið að hér fyrir austan.

Það hefur verið sérstaklega gaman að vinna saman við verkefni eins og t.d. í Barra.

Ég tala nú ekki um að fara í berjamó og hekla dúllur. Svona samvinna er svo mikið hópefli og þá kynnumst við systur betur.

Það er mín upplifun að þessi samtök eru einstaklega umhyggjusöm og kærleiksrik.

Það er gaman að upplifa það að fara á

stærri fundi eins og haustfund og finna mjög sterkt að maður er strax ein af heildinni og ótrúlegt hvað það er auðvelt að ræða við ókunnugar konur. Samstaða og samtakamátturinn er svo mikill eins og sýndi sig svo vel þegar við vorum með happdrættið á síðasta haustfundi, þar voru rúmlega hundrað konur samankomnar og okkur tókst að selja happdrættismiða fyrir um 450 þúsund krónur. Þessi ágóði er til styrktar kaupum á húsnæði fyrir Stígamót.

Það hvernig starfsgreinalyklar eru notaðir til að taka inn nýjar konur tryggir svo vel fjölbreytni í okkar hópi og þannig kynnist maður konum sem maður trúlega hefði ekki kynnst annars.

Það eru ákveðnir hlutir sem ég vil nánast alls ekki gera. Því fannst mér mjög gott á einni vinnusmiðju á haustfundinum 2017 eða 2018 að þá var talað um að það eigi ekki að skikka systur í ákveðin störf því það skiptir svo miklu máli að vera sáttur í því sem maður tekur að sér og þá skilar maður líka mun betra starfi.

Sumum hentar að vinna með höndunum en aðrar eru frekar leiðtogar og eru góðar sem stjórnendur.

Mig langar að minnast sérstaklega á að þegar ég var nýlega komin í klúbbinn var ég beðin um að halda egó erindi, þá ákvað ég að deila með ykkur erfiðri reynslu minni af veikindum dóttur minnar. Mig langar núna að segja hér að þó það hafi verið erfitt fyrir mig að gera þetta þá hjálpaði það mér ótrúlega mikið og var örugglega á við



einhverja sálfræðitíma. Mig langar að þakka ykkur af öllu hjarta fyrir þá hlýju sem þið sýnduð mér eftir þetta erindi og það sýndi svo vel hvað umhyggjan skiptir miklu máli.

Egó erindi finnst mér mjög gaman að hlusta á, þá fáum við að kynnast systurum betur, þeirra aðstæðum og bakgrunni.

Við getum örugglega verið duglegri að deila reynslu okkar og sýna stuðning og skilning.

Ég er mjög ánægð með að tilheyra ykkar hópi og þrátt fyrir að mér finnst erfitt að fara yfir Fjarðarheiði á vetrartíma og í veðraóvissu þegar fundir eru hjá okkur þá finnst mér það skipta svo miklu máli að hitta ykkur og vinna að okkar verkefnum.

Þetta er frábær félagsskapur.

Þið kærur systur eruð mér mjög mikilvægar og er sérstaklega gott að vera með ykkur.

Munum að enginn getur allt, allir geta eitthvað og samanlagt getum við gert mjög margt.

Takk fyrir mig.

Lukka Sigríður Gissurardóttir

Soroptimistahringur



Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar er með til sölu hringa sem til-einkaðir eru Soroptimistum.

Á hringana er grafið orðið SOROPTIMIST ásamt fjórum kertum. Hringarnir eru úr silfri, sléttir og rodíumhúðaðir eða hamraðir og oxíðeraðir. Hægt er að sérpanta þá úr gulli.

Hringarnir verða til sölu á næsta lands-sambandsfundi og verð á silfurhring er 25.900 krónur. Allur ágóði rennur til góðgerðarmála.

Nánari upplýsingar veitir
Sigurborg Kristinsdóttir,
netfang: bobbakri@gmail.com

MINNING

Þóra C. Óskarsdóttir fæddist í Reykjavík 24. apríl 1940.

Hún lést á Landspítala Fossvogi 26. janúar 2019.


Foreldrar hennar voru hjónin Óskar Einarsson læknir og Jóhanna Magnúsdóttir lyfsali. Þóra ólst upp í Reykjavík og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1960. Hún lauk BA-prófi í bókasafnsfræði og sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1975. Þóra starfaði sem bókavörður á Landsbókasafni Íslands 1971-74, skólasafnvörður í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi 1981-85, aðstoðarbókafulltrúi í menntamálaráðuneytinu 1986-87, bókafulltrúi ríkisins frá 1987-97 og sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu frá 1997-2006. Frá 2006-08 starfaði Þóra á Landsbókasafni Íslands við ýmis sérverkefni en lét þá af störfum vegna aldurs.

Þóra sat í stjórn Bókavarðafélags Íslands, Kvenskátafélags Reykjavíkur, Kvenstúdentafélags Íslands, Félags íslenskra háskólakvenna, og Skólavörðunnar og þá var hún einnig formaður stjórnar Blindrabókasafns Íslands. Á starfsferli sínum sat Þóra einnig í ýmsum nefndum á vegum menntamálaráðuneytisins. Þóra skrifaði ýmsar greinar og ritgerðir í sínu fagi, ýmist ein eða með öðrum.

Þóra gekk í Soroptimistaklúbb Seltjarnarness árið 1983. Hún gegndi þar ýmsum embættum, þ.a.m. var hún gjaldkeri klúbbsins tvö kjörtímabil. Hún var ritari Landssambandsins 1988-1990.

Eftirlifandi eiginmaður Þóru er Ari Ólafsson verkfræðingur og eignuðust þau þrjú börn, barnabörnin eru átta.

Ingibjörg Halldórsdóttir



Gjöfult samstarf

Soroptimista og Miðstöðvar foreldra og barna

Bókin *Fyrstu 1000 dagarnir*, barn verður til kom út árið 2015. Hún er skrifuð af Sæunni Kjartansdóttur, hjúkrunarfræðingi og sálgreini og einum stofnanda Miðstöðvar foreldra og barna.

Bókinni er ætlað að hjálpa verðandi og nýorðnum foreldrum við að undirbúa sig og takast á við eitt mikilvægasta hlutverk í lífinu; foreldrahlutverkið. Í henni er m.a. fjallað um þroska og þarfir barna frá meðgöngu að 2ja ára aldri og mikilvægi þess að lesa í þarfir hvers barns hverju sinni og bregðast við því á viðeigandi hátt. Fjallað er um mikilvægi þess að barninu sé hjálpað að takast á við tilfinningar sínar á meðan það hefur ekki forsendur til að skilja þær og vinna úr þeim. Jafnframt er athygli beint að hlutskipti foreldra og álaginu sem fylgir því að annast barn. Fyrir útgáfu bókarinnar var lítið lesefni af þessum toga til á íslensku.

Með það að markmiði að efla foreldra leituðu forsvarsmenn Miðstöðvar foreldra og barna til styrktarsjóða og góðgerðasamtaka og voru undirtektir góðar. Í fyrstu var sótt um styrki til að gefa bókina verðandi foreldrum sem vísað var til miðstöðvarinnar en það er hópur sem glímir við áfallasögu, tilfinninga- eða geðvanda og þarf sérhæfðari þjónustu en heilsugæslan veitir. Soroptimistaklúbbur sýndu frá upphafi mikinn áhuga á að leggja þessu verkefni lið og með styrkjum frá Soroptimistaklúbbi Garðabæjar og Hafnarfjarðar og Árbæjar var því

hrundið af stað. Í þessu samstarfi fengu klúbbarnir kynningu á starfsemi miðstöðvarinnar og bókinni.

Eftir kynningu hjá Soroptimistaklúbbi Mosfellsbæ ákváðu þær systur að styrkja verðandi foreldra í meðgöngu- og ungbarnavernd í Heilsugæslu Mosfellsbæjar. Í góðri samvinnu við ljósmæður þar hafa þær gefið verðandi foreldrum eintak af bókinni sem samræmist stefnu og hugsjónum Soroptimistaklúbba sem er m.a. að styrkja konur og börn í heimabyggð. Eftir þetta frumkvæði í Mosfellsbæ sendu forsvarskonur Miðstöðvar foreldra og barna mörgum Soroptimistaklúbbum út um allt land styrkbeiðni fyrir verkefni í heimabyggð með það fyrir augum að allir verðandi foreldrar á hverju svæði fengju bókina gefins í meðgönguvernd. Undirtektir hafa verið mjög góðar. Auk framan- greindra klúbba hafa Soroptimistaklúbbur Austurlands, Við Húnaflóa og á Snæfellsnesi keypt bókina til gjafar í sinni heimabyggð og hafa margir endurtekið verkefnið að ári. Nú er svo komið að frumkvöðlarnir í Mosfellsbæ hafa ákveðið að styrkja verðandi foreldra í sinni heimabyggð í þriðja sinn. Við sendum ykkur öllum systrum þakkir og velfarnaðar í ykkar góðu verkefnum.

Með góðum kveðjum

f.h. Miðstöðvar foreldra og barna,

Stefanía B. Arnardóttir



Soroptimisti í 38 ár



Einn af stofnfélögum Árbæjarklúbbsins er Guðrún Kristinsdóttir. Guðrún er mikill höfðingi heim að sækja og tvær úr ritnefndinni tóku hana tali á heimili hennar og áttu við hana gott spjall um líf hennar og reynslu af því að vera Soroptimisti.

Guðrún er fædd í Fljótum í Skagafirði þann 12. október 1928. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1948 og vann næstu tvö árin á skrifstofu Fræðslufulltrúa Reykjavíkur. Árið 1951 stundaði hún nám við húsmæðraskólann í Lysaker rétt hjá Osló í Noregi. Þaðan lá leiðin til Danmerkur þar sem Guðrún stundaði nám við hússtjórnarkennarskólann, Ankerhus Husholdingsseminarium, í Sorø en þaðan lauk hún námi vorið 1954. Framhaldsnám í hússtjórnarkennarafræðum stundaði hún síðan við Háskólann í Árósum og var þar meðal annars aðstoðarkennari við læknadeild skólans.

Eftir komuna til Íslands árið 1955 starfaði Guðrún sem hússtjórnarkennari við ýmsa skóla í Reykjavík, m.a. Gagnfræðaskóla Austurbæjar og Kvennaskólann í Reykjavík. Nokkur sumur ferðaðist hún um landið á vegum Fræðsludeildar SÍS þar sem hún kenndi matreiðslu og kynnti nýjar mataruppskriftir. Lengstan kennsluferil átti Guðrún í Árbæjarskóla en þar starfaði hún til ársins 1995 eða í rúm 20 ár. Í ársleyfi frá Árbæjarskóla, 1982-1983 stundaði Guðrún nám í næringarfræði við matvælafræðiskor Háskóla Íslands.

Árið 1958 giftist Guðrún Sigurði Hauki Sigurðssyni kennara. Þau hjónin höfðu yndi af útiveru og stunduðu m.a. skíði af miklu kappi ásamt sonum sínum; Sigurði Þorra, Kristni Rúnari og Trausta. Sigurður Haukur lést árið 2009. Við fengum Guðrúnu til að segja okkur frá tilurð þess að hún gerðist Soroptimisti og báðum hana jafnframt um að segja okkur frá því sem hefur skipt hana mestu máli í starfi sínu innan samtakanna.

Hún sagði að Halldóra Eggertsdóttir sem þá var formaður útbreiðslunefndar Soroptimista hefði hringt í hana, sagt henni frá markmiðum og hlutverkum samtakanna og spurt hvort hún hefði áhuga á því að taka þátt í stofnun nýs Soroptimistaklúbbs í Árbæjarhverfi. Guðrún sem fyrir þekkti ekkert til Soroptimistasamtakanna kvaðst vilja hugsa málið

en sér hefði litist vel á markmið samtakanna og svo varð úr að hún var ein af þeim átján konum sem stóðu að stofnun Soroptimistaklúbbs Árbæjar, sem þá hét Reykjavík II þann 18. október árið 1980 og var Halldóra guðmóðir klúbbsins. Kvaðst Guðrún vera mjög ánægð með þessa ákvörðun og er þakklát systrum sínum fyrir samfylgdina og það að hafa gert hana að heiðursfélaga. Guðrún hefur verið mjög virk í Árbæjarklúbbum og gegnt nær öllum embættum fyrir hann og var m.a. formaður árin 1995-1997.

Þegar Guðrún var spurð að því hvaða þýðingu það hafi haft fyrir hana að vera Soroptimisti nefndi hún að sér fyndist það vera lífsstill og hefði gefið lífi sínu gildi. Starfið innan klúbbsins hafi gefið möguleika á að þjóna og gera gagn fyrir svo marga. Veran í samtökunum hafi þroskað sig á margan hátt.

Guðrún sagðist hafa eignast nánar og yndislegar vinkonur innan klúbbsins sem hún hefur gert svo margt með m.a. stundað líkamsrækt og ferðast með innanlands jafn sem til útlanda. Hún kvaðst hafa verið dugleg að sækja viðburði á vegum Soroptimista og var m.a. einn mánuð í enskuskóla á vegum Soroptimista í York á Englandi árið 1985. Minnst Guðrún margra annarra ferða eins og norrænna vinadaga í Silkeborg og Kalmar, haustfunda í Munaðarnesi að ótöldum skemmtilegra landssambandsfunda um allt land. Sérstaklega minnst hún skemmtilegra daga í Hollandi en þangað fór hún ásamt mörgum systrum í Árbæjarklúbbum í heimsókn til einnar systurinnar sem þá bjó í Spaarndam, litlu þorpi rétt hjá Haarlem.

Guðrún hefur alltaf haft mikinn áhuga á ræktun og átti stóran þátt í því að Árbæjarsystur tóku í fóstur svæði, austast í Árbæjarhverfinu og hófu þar ræktun. Í þessu blaði er einmitt grein um þetta svæði sem kallast Systralundur.

Aðspurð hvaða verkefni standi uppúr þá nefndi hún sameiginlegt verkefni allra klúbba árið 1982 en þeir gáfu Reykjalundi fjörutíu sjúkrarúm sem var ekki svo lítið afrek.

Að lokum báðum við Guðrúnu um að gefa konum sem áhuga hafa á því að gerast Soroptimistar heilræði og hvatti hún þær til að gera það af fúsum vilja og áhuga.

**Guðný Hinriksdóttir
Kristjana Jónsdóttir**

Breyting á lögum og reglugerð SIE

Fyrir meira en þremur árum var samþykkt á sendifulltrúafundi að stjórn Evrópusambandsins og forseta þess Ullu Madsen væri heimilt að skoða og gera tillögur að breytingum á lögum og reglugerð Evrópusambandsins. Í framhaldinu var stofnaður vinnuhópur til að takast á við þetta verkefni. Þetta hefur verið langt vinnuferli sem fleiri hafa tekið þátt í s.s. mörg landssambönd og fyrrverandi sendifulltrúar. Nú erum við búnar að fá í hendurnar fyrstu drög af þessum breyttu lögum og reglugerð til skoðunar. Evrópusambandið er búið að setja upp tímalínu í þessari vinnu og stefnir á að þessum breytingum verði lokið á sendifulltrúafundi árið 2020. Þannig að nýju lög og reglugerðin taki gildi 01.01.2021.

Markmiðið er að uppfæra lög og reglugerðina til nútímasamfélags, einfalda þau og gera þau skýrari. Evrópusambandið horfir fram á við og vill að samtökin séu tilbúin að takast á við breytt samfélag og halda áfram að þróast og stækka. Laga- og reglugerðarnefndin okkar er núna með þessi drög til skoðunar. Þessar tillögur að breytingum verðar kynntar á næsta landssambandsfundi. Við gerum ráð fyrir að senda drögin á alla formenn og fulltrúa fyrir fundinn, en auðvitað verður ekki kosið um neitt á þessum fundi þetta verður aðeins kynning á fyrstu drögum.



Á föstudeginum fyrir sendifulltrúafundinn í Zagreb verða myndaðir vinnuhópar. Í einum af þeim hópum verður til umfjöllunar tillögurnar að breytingum á lögum og reglugerð SIE. Síðan koma þær til umfjöllunar á fundinum og þá má búast við líflegum umræðum. Þetta er auðvitað stórt mál. Við sendifulltrúarnir munum síðan kynna það sem kom fram í Zagreb á haustfundinum á Laugabakka. Forseti gerir ráð fyrir því að þar geti konur skráð sig í vinnuhóp, komið skoðunum sínum á framfæri og heyrt hvað öðrum systur finnst um þessar tillögur. Ég skora á ykkur systur að mæta bæði á landssambandsfundinn og haustfundinn. Taka þátt, heyra og hafa skoðun á framtíð Soroptimista.

Margrét Rögnvaldsdóttir
Sendifulltrúi



Móðir með barn sitt. Flest börn koma of seint og eru orðin mjög veik. Barnadauði er mikill, eða 27,8% (0-5 ára) borið saman við Ísland sem er 3 % (Árið 1850 var þessi tala 25-30% á Íslandi)



Styrkurinn afhentur. Um 300 börn koma á neyðarmóttökuna daglega. 1-3 börn deyja daglega á spítalanum. Læknisþjónusta fyrir börn að 5 ára aldri er ókeypis.

Gjöf frá Fella- og Hóla klúbbsi

Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella gaf á dögnum veglega peningagjöf til eina barnspítalans sem starfræktur er í Afríkurlöndunum Sierra Leone. Þessi peningagjöf gerir það að verkum að 4 hjúkrunarfræðingar fá sérmenntun í barnahjúkrun. Með þessari gjöf var blað brotið í starfsemi sjúkrahússins, því enginn slíkur sérmenntaður starfsmaður er við störf á spítalanum. Áætlun er í gangi um að mennta allt að 24 slíka hjúkrunarfræðinga og draumurinn er að einhverjar af þeim komi utan af landsbyggðinni, því þörfin er mikil.

10 góðar ástæður fyrir því að ég er Soroptimisti

1. Ég samsama mig með konum á öllum aldri og í ýmsum starfsgreinum.
2. Ég öðlast í gegnum fundi og viðburði reynslu sem veitir mér innblástur í daglegu lífi.
3. Ég mynda sambönd við sjálfsöruggar, sjálfstæðar og atorkumiklar konur sem ég nýt góðs af og leyfi þeim að njóta minnar reynslu og hæfileika.
4. Ég eignast vini.
5. Ég eyk sjálfstraust mitt.
6. Ég hef samband við konur um allan heim, sem hugsa eins og ég.
7. Ég á rétt á að taka þátt í áhugaverðum fundum í mínum eigin klúbbi, klúbbum í nágrenni, um land allt, í landssambandinu og út um allan heim og víkka þar með sjóndeildarhring minn.
8. Ég get sýnt skipulagshæfileika mína með því að gefa kost á mér til stjórnarsetu á öllum stigum.
9. Ég get verið með í að skapa og skipuleggja verkefni til gagns og gleði fyrir mig og mína nánustu.
10. Ég vil gefa lífi mínu innihald, líka þegar ég eldist.

**Þess vegna er ég ánægð með að vera Soroptimisti
- ég get ekki annað eða er það?**

Fengið að láni af vef danska landssambandsins

